

Forsætisnefnd Alþingis  
Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. desember 2010

Í tilefni af athugasemd Guðlaugs Þórs Þórðarsonar í upphafi þingfundar á Alþingi í dag, laugardaginn 18. desember, vill forsætisráðuneytið koma eftirfarandi á framfæri:

Forsætisráðuneytið hafði eins og hefð er fyrir milligöngu um að svara svohljóðandi fyrirspurn frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni, alþingismanni, sem beint var til allra ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

1. *Hvernig skiptist kostnaður ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni núverandi starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands á tímabilinu maí 2007 til nóvember 2010?*
2. *Hvernig skiptist framangreindur kostnaður eftir einstökum sérverkefnum, þjónustu og ráðgjöf milli núverandi starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og/eða félaga þeirra?*

Forsætisráðuneytið beindi fyrirspurninni orðréttri til allra ráðuneyta og sendi svör ráðuneytanna óbreytt með formlegu svari til Alþingis. Forsætisráðuneytið fullyrðir að öll ráðuneytin hafi unnið svör sín eftir bestu samvisku og ráðuneytið harmar þær ásakanir sem þingmaðurinn ber á þá starfsmenn tólf ráðuneyta og Fjársýslu ríkisins sem unnu svörin og leyndu engu. Svörin voru unnin með því að fá upplýsingar frá Háskóla Íslands um kennitölur allra núverandi starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og keyra þær saman við upplýsingar um útgreiðslur úr hugbúnaðinum Oracle vegna aðkeyptrar þjónustu, ráðgjafar og sérverkefna þessara starfsmanna. Í tilefni af umfjöllun Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um málið í dag hefur forsætisráðuneytið sérstaklega rannsakað þær ásakanir sem fram hafa komið af hans hálfu.

Í fyrsta lagi gerir alþingismaðurinn athugasemd við að ekki sé tilgreind sú fjárhæð sem Stefán Ólafsson, prófessor, hafi fengið greidda af hálfu heilbrigðisráðuneytisins fyrir vinnu á árinu 2009 fyrir formennsku í nefnd og skýrslugerð. Skýringin á því er sú að Stefán Ólafsson hefur ekki enn sent inn reikninga vegna umræddrar vinnu og því ekki fengið greitt fyrir hana. Verkefnið er engu að síður tilgreint í svarinu.

Í öðru lagi gerir alþingismaðurinn athugasemd við að ekki séu tilgreind öll störf sem Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir vann fyrir forsætisráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og utanríkisráðuneytið. Forsætisráðuneytið tilgreinir í svari sínu alla þá fjárhæð sem Sigurbjörg Sigurgeirsdóttur hefur fengið greidda frá forsætisráðuneytinu, þ.e. fyrir sérfræðistörf fyrir nefnd um endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands. Hvað varðar utanríkisráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið þá töldu hvorki þau ráðuneyti né aðrir sem unnu að svarinu í 12 ráðuneytum að fyrirspurn alþingismannsins beindist að almennu starfsmannahaldi í ráðuneytunum. Svarið var alfarið unnið á þeirri forsendu að alþingismaðurinn væri að spyrjast fyrir um greiðslur samkvæmt reikningum til viðkomandi aðila. Fyrirspyrjanda hefði verið í lofa lagið að óska eftir upplýsingum um greiðslur til starfsmanna á launaskrá í ráðuneytunum og þær upplýsingar hefðu verið veittar eftir bestu samvisku hefði verið eftir þeim leitað.

Í þriðja lagi tilgreinir efnahags- og viðskiptaráðuneytið ekki í svari sínu verkefni Þórólfs Matthíassonar sem hlýtur þóknun fyrir setu í eftirlitsnefnd með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar sem starfar samkvæmt lögum nr. 107/2009. Þær greiðslur eru því ekki inntar af hendi samkvæmt reikningi. Í nefndinni eiga sæti, auk Þórólfs, María Thjell, forstöðumaður lagastofnunar Háskóla Íslands, sem er formaður, og Sigríður Ármannsdóttir endurskoðandi, eigandi APAL endurskoðunarskrifstofu.

Í fjórða lagi ber að geta þess að Háskóli Íslands var viðsemjandi í þremur verkefnum sem fjármálaráðuneytið tilgreinir og varða mat á áhrifum skattbreytinga, aðstoð við útreikninga á ýmsum

Þjóðhagsstærðum í tengslum við samning Sameinuðu þjóðanna um losun gróðurhúsalofttegunda og aðstoð við verkefni um þekkingartorg á heilbrigðissviði og gera má ráð fyrir að margir sérfræðingar hafi komið að þessum verkefnum. Þannig vann Hagfræðistofnun Háskóla Íslands útreikninga á ýmsum þjóðhagsstærðum í tengslum við samning Sameinuðu þjóðanna um losun gróðurhúsalofttegunda. Hvað varðar Þekkingartorg á heilbrigðissviði þá var þar ekki um að ræða greiðslur til einstakra sérfræðinga heldur greiðslu til Háskóla Íslands vegna verkefnisins. Því hefði ekki átt að tilgreina verkefnið í svarinu þar sem ekki var spurt um greiðslur til Háskóla Íslands eða stofnana hans.

Svo virðist sem athugasemdir alþingismannsins byggist því fyrst og fremst á þeim misskilningi að í svarinu koma eðli málsins samkvæmt ekki fram upplýsingar um greiðslur sem ekki hafa átt sér stað þegar fyrirspurninni er svarað, þar sem viðkomandi hefur enn ekki óskað eftir greiðslu og hins vegar að ekkert ráðuneytanna taldi að óskað væri eftir upplýsingum um greiðslur til starfsmanna á launaskrá ráðuneyta. Jafnframt hafa ráðuneytin ekki tilgreint greiðslu fastra eininga fyrir nefndasetu í lögbundnum nefndum en hins vegar fyrir sérstök verkefni sem formenn og aðrir nefndarmenn hafa unnið fyrir nefndirnar. Full ástæða sé til þess að þingmenn almennt vandi framsetningu í fyrirspurnum sínum, sér í lagi í umfangsmeyri fyrirspurnum sem kalla á mjög viðamikla og tímafreka vinnu hjá ráðuneytum.

Í tilefni af því sem fram kom í máli þingmannsins að tafir hafi orðið á svari vill forsætisráðuneytið upplýsa að vinnsla svarsins er ítarlega skýrð í formlegu svari við fyrirspurninni sem hér segir:

"Ofangreind fyrirspurn, í sinni upprunalegu mynd, barst forsætisráðherra 15. október sl. Var þá spurt um kostnað ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni *starfsmanna félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands á tímabilinu maí 2007 til maí 2010*. Leit forsætisráðuneytið svo á að hér væri bæði spurt um verkefni núverandi og fyrrverandi starfsmanna deildarinnar á tímabilinu. Til að unnt væri að svara fyrirspurninni óskaði ráðuneytið eftir því við Háskóla Íslands að hann útvegaði ráðuneytinu lista yfir núverandi og fyrrverandi starfsmenn deildarinnar á framangreindu tímabili enda væru þær upplýsingar ekki aðgengilegar ráðuneytinu með öðrum hætti og ber í því sambandi að hafa í huga að starfsmannalisti deildarinnar sem birtur er heimasíðu Háskóla Íslands tilgreinir aðeins núverandi starfsmenn. Var forseta Alþingis og fyrirspyrjanda tilkynnt um þessa málsmeðferð og jafnframt að þetta myndi óhjákvæmilega leiða til einhverra tafa á því að unnt væri að svara fyrirspurninni enda ekki unnt að kalla eftir svörum úr einstökum ráðuneytum fyrr en starfsmannalistinn lægi fyrir. Þann 11. nóvember 2010 barst ráðuneytinu bréf frá Alþingi þar sem tilkynnt var um breytingu á fyrirspurninni þess efnis að nú væri einungis spurt um *núverandi starfsmenn félags- og mannvísindadeildar*. Þann 16. nóvember barst ráðuneytinu á ný bréf frá Alþingi þar sem tilkynnt var um að fyrirspurnin hefði verið prentuð upp á ný og nú með þeirri breytingu að spurt væri um starfsmenn alls *félagsvísindasviðs* Háskóla Íslands en ekki einungis starfsmenn félags- og mannvísindadeildar eins og áður. Þann 24. nóvember barst ráðuneytinu síðan enn aftur tilkynning frá Alþingi um að fyrirspurnin hafi verið prentuð upp í þriðja sinn, þá með breytingum að því er varðar tímabilið sem spurt er um. Hefur framgreint óhjákvæmilega valdið töfum á því að unnt hafi verið að svara fyrirspurninni enda hefur jafnan þurft að útbúa ný gögn og senda nýjar upplýsingabeðin í öll ráðuneyti í hvert skipti sem fyrirspurninni hefur verið breytt."

Að lokum vill ráðuneytið benda á að ítrekaðar breytingar á fyrirspurn geta hugsanlega komið niður á nákvæmni þeirra upplýsinga sem veittar eru. Forsætisráðuneytið leggur hins vegar afar ríka áherslu á að upplýsingagjöf til Alþingis sem annarra sé í hvívetna vönduð og samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér í dag verður ekki annað séð en að svo hafi verið í því svari til Alþingis sem hér um ræðir. Komi í ljós síðar að eitthvert ráðuneyti hafi hugsanlega misskilið fyrirspurn fyrirspyrjanda eða mistök af hverju tagi hafi átt sér stað við tæknilega úrvinnslu mun það að sjálfsögðu vera leiðrétt. Loks vill ráðuneytið koma því á framfæri að mikilvægt er að þingmenn vandi framsetningu í fyrirspurnum sínum ekki síst í umfangsmiklum fyrirspurnum sem kalla mjög viðamikla og tímafreka vinnu hjá ráðuneytum.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Arnjótisdóttir

Ágúst Geir Ágústsson